

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 437/1992. **Ákærvaldið**

gegn

X.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi. Ákærvald lögreglustjóra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, sem barst héraðsdómara 10. desember 1992 og Hæstarétti 11. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram meðferð málsins á grundvelli ákæru lögreglustjórans í Reykjavík 23. nóvember 1992. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Borist hefur greinargerð af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík, sem skilja verður sem kröfugerð um, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari hefur átt þess kost að koma að sjónarmiðum í kærumáli þessu, en engar athugasemdir eða kröfur hafa borist frá honum.

Við þingfestingu málsins í héraði var af hálfu ákæranda lagt fram bréf ríkissaksóknara 22. apríl 1992 um ákærvald lögreglustjóra, og er lögreglustjórum þar með vísan til 2. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, falið ákærvald í tilteknum málum til viðbótar þeim, sem greind eru í 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991. Í c-lið I. kafla bréfs þessa er lögreglustjórum meðal annars falið ákærvald vegna brota gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, „þegar ætla má, að refsing fari ekki fram úr sektum eða 1 árs varðhaldi“.

Í 28. gr. laga nr. 19/1991 er kveðið á um ákærvald lögreglustjóra og takmörk þess. Í a- og b-lið 1. mgr. er lögreglustjórum fengin saksókn vegna brota gegn umferðar- og áfengislögum, en í c-lið „gegn öðrum lögum en almennum hegningarlögum, áður ótöldum, enda liggi ekki þyngri viðurlög en sektir, upptaka eigna eða varðhald við broti“. Með 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991 var

gerð sú breyting á 28. gr. fyrrnefndra laga, að ríkissaksóknara var til viðbótar heimilað „að fela lögreglustjórum ákærvald í minni háttar málum vegna brota gegn öðrum lögum en getur í 1. mgr.“.

Í framangreindum c-lið 1. mgr. 28. gr. laga nr. 19/1991 sker refsirrammi brota úr um það, hvort lögreglustjórar fara með ákærvald vegna þeirra. Í 2. mgr. 28. gr. laganna, sbr. 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, er einungis talað um „minni háttar mál“ án nánari skilgreiningar. Þar sem þannig háttar til, er rétt, að sama viðmiðun gildi um afmörkun þessara brota og fram kemur í c-lið 1. mgr. Er það í samræmi við lögin að öðru leyti.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á 28. gr. laga nr. 19/1991 með 2. tl. 107. gr. laga nr. 92/1991, verður lögreglustjórum samkvæmt framansögðu ekki fengið ákærvald vegna brota gegn almennum hegningarlögum, liggi þyngri viðurlög við þeim en sektir, upptaka eigna eða varðhald. Ríkissaksóknara var því eigi heimilt að fela lögreglustjórum ákærvald vegna brota á 217. gr. almennra hegningarlaga, eins og hann gerði í áðurnefndu bréfi 22. apríl 1992. Lögreglustjóran í Reykjavík brast þannig heimild að lögum til að gefa út ákæru í máli þessu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að þóknun talsmanns ákærða fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þóknun talsmanns ákærða í Hæstarétti, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 9. desember, er kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, úrskurður í málinu nr. S-186/1992: Ákærvaldið gegn X, sem þingfest var í dag.

Málavextir.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 23. nóvember 1992, á hendur ákærða, X, nema, Reykjavík, fæddum 1976, fyrir eftirtalið:

„I. Að hafa skömmu fyrir miðnætti að kvöldi föstudagsins 13. desember 1991 á bifreiðastæði við Sílakvísl 11, Reykjavík, slegið E, fædda 1976, í höfuð með rúðubrjótshamri og sparkað í sköflung hennar, svo að hún féll í jörðina, sest klofvega ofan á hana og veitt henni „ítrekað“ hnefahögg í andlitið, farið ofan af henni eftir skamma hríð, og er hún stóð á fætur, sparkað í kvið henni, svo að hún féll aftur í jörðina. Hlaut E af ofangreindu mar, bólgur og rispur í andlit og einnig mar á kvið.

II. Að hafa föstudaginn 18. september 1992 ráðist á J, fæddan 1977, í útidyrum húss við Álakvísl, Reykjavík, gripið í hár J, dregið hann þannig út úr húsinu, veitt honum hnefahögg í hnakka og andlit og sparkað í brjóst, bak og höfuð hans með þeim afleiðingum, að J hlaut mar og hrufi í andliti, snúið sér svo að P, fæddum 1978, er bar þar að, veitt honum hnefahögg í andlit og sparkað tvisvar í vinstra auga hans með hné, svo að P féll í jörðina, veitt P síðan hnefahögg á gagnauga og í hnakka. Hlaut P af ofangreindu sjóntruflanir og skerta hreyfigetu á vinstra auga og gekkst undir skurðaðgerð vegna þessa.

III. Að hafa 5. október 1992 ekið óskráðu léttu bifhjóli með farþega á hjólinu eftir göngustigum í Elliðaárdal í Reykjavík, ekki sinnt stöðvunarmerkjum lögreglu, ekið yfir gróður og valdið gróðurskemmdum og ekið svo óvarlega upp moldarbarð, að farþeginn féll af hjólinu.

Telst sakarefni í ákæruliðum I og II varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981, en sakarefni í ákærulið III við 1. mgr. 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 42. gr., 1. mgr. 63. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur P þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 230.753 kr.“.

Meðal sakargagna er bréf ríkissaksóknara til lögreglustjórans í Reykjavík, dagsett 3. júlí sl., þar sem lögreglustjóranum í Reykjavík eru með vísan til 28. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, send „til ákvörðunar rannsóknargögn“ um sakarefnið í I. kafla ákæru, en það hafði sætt rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins. Sakarefni II. kafla ákæru sætti aftur á móti rannsókn lögreglustjóraembættisins, en ekki verður séð, að það hafi verið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar.

Í 2. mgr. 28. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991, segir, að ríkissaksóknari höfði opinber mál önnur en hann felur öðrum saksóknurum eða lögreglustjórum samkvæmt 28. gr. laganna. Í 1. mgr. þeirrar greinar kemur fram, að lögreglustjórar höfði opinber mál einungis, ef um er að ræða brot gegn umferðarlögum, áfengislögum og öðrum sérrefsilögum innan þar greindra takmarka. Í 2. mgr. greinarinnar, sbr. lög nr. 92, 1991, segir enn fremur, að ríkissaksóknari geti falið lögreglustjórum ákæru-

vald í minni háttar málum vegna brota gegn „ððrum lögum en getur í 1. mgr.“. Hefur verið talið, að þetta taki til minni háttar hegningarlagabrota.

Í málinu er ákærði m. a. saksóttur fyrir að slá stúlku í höfuðið með „rúðubríótshamri“ og enn fremur fyrir að veitast með höggum að tveimur drengjum og sparka í höfuð þeirra, svo að annar þeirra hafi hlotið „sjóntruflanir og skerta hreyfigetu á vinstra auga“ og orðið að gangast „undir skurðaðgerð vegna þessa“. Verður að telja, að lögreglustjórann í Reykjavík hafi samkvæmt tilvitnaðri 28. gr. oml. brostið lagaheimild til þessarar máls-höfðunar, og ber því að vísa málinu frá dómi, en aðilar hafa fengið færi á að tjá sig um málefni þetta.

Þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Jakobs R. Möller héraðsdóms-lögmanns, 10.000 krónur, ber að greiða úr ríkissjóði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli ákæruvaldsins gegn X er vísað frá dómi ex officio.

Verjandaþóknun til Jakobs R. Möller héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
